UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Reykjavík, 30. okt. 2026

Efni: Fyrirhuguð vistunarúrræði ríkisins og samfelld þjónusta við börn

Umboðsmaður barna vísar til erindis embættisins frá 6. janúar 2026 og svarbréfs mennta- og barnamálaráðuneytisins frá 28. janúar 2026 vegna samkomulags ríkis og sveitarfélaga um börn með fjölþættan vanda.

Í svari ráðuneytisins frá 28. janúar kom fram að engum nýjum úrræðum hefði verið komið á laggirnar og að unnið væri að húsnæðismálum. Þá var áætlað að kortlagningu þjónustuþarfa barna í einkaúrræðum lyki í lok febrúar. Ríkið myndi greiða kostnað samkvæmt greiðslusamningum við sveitarfélögin, sem bæru áfram ábyrgð á samningum við einkaúrræði á árinu 2026.

Í umfjöllun Kveiks á RÚV 27. október sl. kom fram að stefnt væri að opnun sérhæfðs vistunarúrræðis á vegum Barna- og fjölskyldustofu í janúar 2027. Jafnframt kom fram í svörum ráðuneytisins til Kveiks að samningar við sveitarfélög vegna vistunar barna í einkaúrræðum hefðu ekki verið gerðir til lengri tíma en til 31. desember 2026.

Nú þegar tveir mánuðir eru til áramóta er brýnt að skýrt liggi fyrir hvernig þjónustu við þau börn sem breytingarnar varða verði háttað frá og með 1. janúar 2027. Tryggja verður að börnin búi ekki við óvissu um áframhaldandi búsetu og þjónustu og að fyrirhugaðar breytingar hafi ekki áhrif á stöðugleika í lífi þeirra eða samfellu í þjónustu.

Umboðsmaður barna óskar því eftir uppfærðum upplýsingum um undirbúning sérhæfðra vistunarúrræða ríkisins, stöðu þeirra og áætlaða opnun. Þess er óskað að ráðuneytið, eftir atvikum með atbeina Barna- og fjölskyldustofu, veiti eftirfarandi upplýsingar.

Óskað er eftir upplýsingum um staðsetningu fyrirhugaðra vistunarheimila, stöðu nauðsynlegra framkvæmda og hvort tilskilin leyfi liggi fyrir. Jafnframt er óskað eftir rökstuddu mati á því hvort unnt verði að taka á móti börnum 1. janúar 2027 og hversu mörg rými verði þá tilbúin til notkunar.

Þá er óskað eftir upplýsingum um stöðu ráðninga, þar á meðal hvort stjórnendur hafi verið ráðnir, hversu margir starfsmenn hafi verið ráðnir til starfa og hversu mörg stöðugildi verði mönnuð við opnun. Ef fleiri en eitt heimili eru fyrirhuguð er óskað eftir þessum upplýsingum fyrir hvert þeirra.

Loks er óskað eftir upplýsingum um hvort fyrir liggi áætlun um áframhaldandi búsetu og þjónustu fyrir hvert barn sem breytingarnar varða, þar á meðal hvernig þjónustan verði tryggð ef nýju úrræðin verða ekki tilbúin um áramótin og hvort núverandi samningar verði þá framlengdir. Jafnframt verði gerð grein fyrir því hvernig börn og foreldrar þeirra verði upplýst, höfð með í ráðum og undirbúin fyrir mögulegar breytingar á búsetu og þjónustu.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er óskað eftir svörum eigi síðar en 9. nóvember nk.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna